

*Umferðarmerki á Íslandi;
innlend þróun og aðlögun að alþjóðlegum viðmiðum
Rannsóknarráðstefna Vegagerðarinnar, 8. nóv. 2013, Hörpu
Birna Hreiðarsdóttir, Norm ráðgjöf ehf.
Útdráttur*

I. Inngangur

Umferðarmerki er órjúfanlegur hluti af umhverfi vega og miklu skiptir að þau skilaboð sem þeim er ætlað að koma á framfæri séu skýr og auðskilin öllum þeim sem um vegina fara. Á tímum síaukinna ferðalaga milli landa er mikilvægt að tryggja einsleitni umferðarmerkja og alþjóðlegt samræmi í notkun eins og kostur er og auka þannig umferðaröryggi.

II. Alþjóðleg viðmið

Meginreglur um umferðarmerki eiga upphaflega rætur sínar að rekja til alþjóðlegs samnings um akstur ökutækja sem gerður var í París árið 1909. Nú er í gildi alþjóðlegur samningur Sameinuðu þjóðanna um umferðarmerki og umferðarljós frá árinu 1968. Í honum er að finna ákvæði um stærð, liti, lögun og þýðingu samræmdra umferðarmerkja sem í gildi eru í heiminum í dag. Flest lönd Evrópu hafa nú gerst aðilar að samningnum að Íslandi og örfáum öðrum löndum undanskildum. Lagt er eindregið til að gerðar verði ráðstafanir til að Ísland gerist aðili að samningnum á næstu misserum.

III. Innlend þróun

Fyrstu lögboðnu reglurnar um umferð komu fram í lögum um vegi nr. 57/1907. Þessar reglur þróuðust síðan fram eftir öldinni í samræmi við aukinn ökutækjafjölda. En það var síðan jafnhliða endurskoðuðum umferðarlögum nr. 26/1958 sem fyrsta reglugerðin um umferðarmerki tók gildi. Í núgildandi reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra nr. 289/1995 eru sérstaklega áberandi ýmis „íslensk“ merki sem komu inn í reglugerðina við gildistöku 1995. Var það í raun afturför frá efni fyrri reglugerða.

IV. Breyttar forsendum vegna fjölgunar erlendra ökumanna á vegum landsins

Árið 2012 komu um 700 þúsund ferðamenn til landsins, sem jafngildir því að hvern dag í júlí það ár hafi 35.000 ferðamenn dvalið á landinu eða rúmlega 10%

mannfjöldans á Íslandi. Þessi tala mun líklega tvöfaldast fyrir árið 2020. Ekki verður hjá því komist að gera ýmsar umbætur á innviðum samgöngukerfisins til að mæta þörfum ferðamanna sem sækir Ísland heim. Endurbætur á umferðarmerkjakerfinu mun á efa leika þar stórt hlutverk, en þar bíða mörg aðkallandi mál úrlausnar.

V. Tillögur að endurbótum á umferðarmerkjakerfinu

- *Endurskoðun á reglugerð um gerð og notkun umferðarmerkja.*
Afar brýnt er að endurskoða umferðarmerkjareglugerðina á grundvelli allsherjar stefnumörkunar til framtíðar undir forystu stjórnvalda samgöngumála, í samstarfi við hagsmunaaðila í ferðaþjónustunni og á sviði umhverfismála. Mótuð verði heildstæð stefna til framtíðar um umferðarmerki. Megináherslan verði á alþjóðleg, samræmd umferðarmerki á vegum landsins sem til þess eru fallin að koma á framfæri skýrum, einföldum og skilvirkum skilaboðum til vegfarenda, í sátt við umhverfi og náttúruna. Lagt er til að reglugerðinni verði skipt í tvennt, annars vegar reglugerð um gerð umferðarmerkja og hins vegar reglugerð um notkun umferðarmerkja. Þar sem texti er óumflýjanlegur á umferðarmerki verði heimilað að hafa hann á íslensku og ensku. Að öðru leyti verði mörkuð sú stefna að nota tákn og myndir í eins miklum mæli og unnt. Dæmi um undirmerki sem þyrfti að vera annað hvort tvítyngd eða með tákn eða mynd eru þessi:



- *Stjórnsýslu umferðarmerkja verði stórefld.*
Gera verður afar ríkar kröfur til undirbúnings og ákvörðunar um uppsetningu umferðarmerkis. Þarfagreining fari fram áður en umferðarmerki er sett upp og kæruleiðir verða að vera skýrar. Í reglugerð um notkun umferðarmerkja verði ítarlega fjallað um stjórnsýsluþáttinn.
- *Handbók um umferðarmerki og inntak þeirra.*
Á grundvelli nýrra reglugerða um umferðarmerki verði gefin út sérstök (rafræn) handbók fyrir almenning með yfirliti yfir öll umferðarmerki og útskýringum á merkingu þeirra, bæði á íslensku og erlendum tungumálum.

- *Sérstök merki fyrir ferðamenn: Hvít umferðarmerki á brúnum grunni.*

UNECE, Efnahagsnefnd SP fyrir Evrópu hefur haft forgöngu um þróun hvíttra merkja á brúnum grunni, sem eru ætluð eru til að vísa ferðamönnum leið. Lagt er til að þau verði tekin upp í áföngum hér á landi. Dæmi eru:



Bretland



Danmörk



Finnland

- *Hliðstæð merki sem gefa til afmarkaðar ferðamannaleiðir.*

Á Norðurlöndunum. og víðar gefa sérstök umferðarmerki til kynna að ákveðinn vegur sé hluti af fyrirfram afmarkaðri ferðamannaleið. Lagt er til að slíkt merki verði sett í endurskoðaða umferðarmerkjareglugerð. Dæmi eru:



Svíþjóð



Danmörk



Noregur

Skoðaður verði möguleiki á að taka upp norska merkið hér á landi.

- *Rafræn, breytileg umferðarskilti verði sett upp á viðsjárverðum stöðum.*

Telja verður að slík merki séu best til þess fallin að vara alla vegfarendur við tilfallandi hættu á vegi, sérstaklega ef gert er ráð fyrir texta á tveim tungumálum. Á vettvangi SP hefur mikil vinna verið lögð í að skilgreina kröfur um framsetningu á skilaboðum á þeim og notkun að öðru leyti, og er lagt til að að stuðst verði við þau viðmið í reglugerðum um umferðarmerki.

- *Endurskoðað verði fyrirkomulag og merki fyrir löggæslumyndavélar.*



Löggæslumyndavélar á vegum landsins hafa sannað gildi sitt í að tempru ökuhraða. En með auknum fjölda erlendra ökumanna er tímabært að endurskoða kerfið, m.a. með því að vekja athygli á hámarkshraða á viðkomandi stað undir merkinu sjálfu.

- *Sjónrænn þáttur umferðarmerkja.*

Á undanförunum árum hefur áhersla aukist á mikilvægi þess að tekið sé tillit til umhverfisjónarmiða við hönnun vega. Það sama á við um uppsetningu umferðarmerkja, tryggja verður með löggiöf að umhverfisjónarmið séu lögð til grundvallar til að koma í veg fyrir að þau valdi sjónmengun.